

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Höfðaborg Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. september 2023

**EFNI: MÁL NR. 74/2023, ÁKVÖRÐUN SVEITARSTJÓRNAR SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS
14. JÚNÍ 2023 UM AÐ VEITA LANDSVIRKJUN FRAMKVÆMDALEYFI**

Vísað er til kæru Náttúrugriðar, Náttúruverndarsamtaka Íslands og Verndarsjóðs villtra laxastofna – NASF á Íslandi („kærendur“), fyrri sjónarmiða Skeiða og Gnúpverjahrepps („kærða“), dags. 14. júlí 2023 og athugasemda kærenda við þau sjónarmið, dags. 11. ágúst 2023. Eftirfarandi eru athugasemdir hins kærða sveitarfélags við það sem fram kemur í athugasemdum kærenda, að teknu tilliti til þess sem fram kemur í fyrri sjónarmiðum kærða.

I. Málsástæður og önnur atvik

Líkt og í upphaflegri kæru þá lúta meginsjónarmið kærenda að því að með hinu kærða framkvæmdaleyfi hafi ekki verið farið að öllum lögbundnum skilyrðum sem gerð eru til slíkra leyfa. Kærendur byggja á því að leyfi skuli liggja fyrir í tiltekinni röð og að kærða sveitarfélagið hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Vikið verður að hverri röksemd/málsástæðu kærenda um sig í köflum þar að lútandi hér á eftir.

Kærða sveitarfélagið áréttar í upphafi að virkjunarframkvæmdir eru háðar fjölda leyfa þar sem taka þarf tillit til og mæta fjölda skilyrða í settum lögum.

Grunnur að því að ráðast í undirbúning virkjanaframkvæmda er að rammaáætlun hafi sett viðkomandi orkunýtingarkost í nýtingarflokk sbr. lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Orkustofnun þarf að veita virkjunarleyfi svo að virkjun verði að veruleika og viðkomandi sveitarfélög að veita framkvæmdaleyfi.

Virkjunin hefur verið í orkunýtingarflokki rammaáætlunar frá árinu 2015. Hún er í samræmi við skipulagsáætlanir sveitarfélaganna beggja vegna Þjórsár; Rangárþings

ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar tók gildi í desember 2021.

Minjastofnun Íslands gaf leyfi fyrir Hvammsvirkjun í nóvember 2021. Orkustofnun veitti virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun í desember 2022 en það var fellt úr gildi með úrskurði dagsettum í júní 2023. Fiskistofa gaf leyfi fyrir virkjuninni í júlí 2022. Þá sótti Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi til sveitarfélaganna Rangárbings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í desember 2022. Landsvirkjun sótti jafnframt um heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshloti Þjórsár 1 (nr. 103-663-R) í janúar 2023 í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Þá hefur Landsvirkjun gefið það út að sótt verði um önnur nauðsynleg leyfi síðar í undirbúningsferlinu, svo sem byggingarleyfi og starfsleyfi vinnubúða en bent er á að stöðvarhúsið verður innan Rangárbings ytra og megnið af vinnubúðum. Kærða sveitarfélagið á ekki von á að vinnubúðir verða reistar innan þess fyrr en á seinni hluta framkvæmdatímans.

1. Tilvísun til stjórnsýsluframkvæmdar/stjórnsýsluvenju

Kærendur byggja á því að það sé viðtekin stjórnsýsluvenja að sveitarstjórnir fjalli hvorki um né veiti framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum sem lúta leyfisveitingum Orkustofnunar, fyrr en virkjunarleyfi hefur verið veitt.

Þessum röksemdum fyrir ógildingu framkvæmdaleyfisins er mótmælt af hálfu kærða. Engin stjórnsýsluvenja er til staðar varðandi þetta. Jafnvel þó slík venja væri fyrir hendi gæti hún ekki leitt til ógildingar ákvörðunarinnar. Það að ekki liggi fyrir virkjunarleyfi hefur enga efnislega þýðingu fyrir framkvæmdaleyfið sem getur leitt til ógildingar þess.

2. Stjórn vatnamála

Varðandi ætlaðan skort á afstöðu til laga um stjórn vatnamála í hinu kærða framkvæmdaleyfi þá byggja kærendur á því að það gagnist ekki leyfisveitendum að vísa til síðari tíma leyfisveitinga þegar um mörg samhliða leyfi er að ræða og vísar um það til máls úrskurðarnefndarinnar nr. 8/2023, sbr. einnig mál 3/2023.

Líkt og rakið var í fyrri greinargerð kærða þá var tekin rökstudd afstaða á grundvelli vatnaáætlunar og um leið laga um stjórn vatnamála við undirbúning framkvæmdaleyfis, með því að kveða sérstaklega á um að nauðsynlegt væri að fá heimild Umhverfisstofnunar til breytinga á vatnshloti Þjórsár 1. Landsvirkjun sótti um slíka heimild í janúar 2023. Áréttað er að enginn áskilnaður er gerður um röð leyfismála, þvert á móti er gert ráð fyrir því að skipulagslögum að framkvæmdaleyfi sé háð skilyrðum og skipulagsfulltrúa falið að stöðva framkvæmd ef framkvæmd er

í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess, sbr. 2. mgr. 53. gr. laganna.

Umrædd heimild var sérstaklega gerð að skilyrði fyrir framkvæmdinni, þó það sé í höndum Umhverfisstofnunar að veita slíka heimild.

Aðstæður eru því alls ekki eins og í nefndum úrskurði, þar sem var m.a. talið að það hefði ekki þýðingu „að vísa til þess að síðar meir sé unnt að endurskoða umrætt leyfi [virkjunarleyfi] verði sýnt á [sic.] fram á með gögnum að umhverfismarkmið sett samkvæmt lögum um stjórn vatnamála náist ekki, en ákvæði 3. mgr. 6. gr. raforkulaga sem með því er vísað til varðar ekki útgáfu nýrra leyfa með sama hætti og 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011.“ Ekki var talið heimilt að reiða sig á endurskoðunarheimild í raforkulögum, sem er auk þess tiltölulega þröng, í stað þess að taka beina afstöðu til þessa. Umræddur úrskurður úrskurðarnefndarinnar er því að mati sveitarfélagsins ekki fordæmisgefandi varðandi það framkvæmdaleyfi sem hér er til umfjöllunar.

Sjónarmið kæranda eru einnig í innbyrðis ósamræmi að því er virðist. Byggt er á því í athugasemdum kæranda að kærða sveitarfélagið hafi farið inn á valdsvið annarra, þ.e. byggingarfulltrúa. Samhliða virðist byggt á því að kærða sveitarfélagið eigi að fara inn á valdsvið Umhverfisstofnunar hvað varðar stjórn vatnamála.

Raunin er sú að kærða sveitarfélagið gerði það sem því var unnt, þ.e. að taka afstöðu til þess á grundvelli vatnalaga að nauðsynlegt væri að sækja um undanþágu og gera framkvæmdaleyfi háð því skilyrði. Eru því engin efni að ógilda framkvæmdaleyfið með vísan til þessa.

3. Umhverfismat

Kærendur telja óljóst hvort það standist umhverfismatslöggjöf í dag að byggja á „svo fornu umhverfismati sem tveggja áratuga gömlu og matsskýrslu frá því Landsvirkjun hafði lögbundnar skyldur til að útgefa almenningi orku, áður en raforkuframleiðsla varð samkeppnisgrein“.

Kærða sveitarfélagið mótmælir þessu. Þær breytingar sem áttu sér stað á raforkulögum árið 2003 höfðu ekki slíka grundvallarbreytingu í för með sér að áhrif geta haft á gildi matsskýrslu. Breytingarnar leiddu til þess að vinnsla raforku var ekki lengur háð ríkiseinokun. Breytingarnar höfðu hins vegar ekki áhrif á mat á umhverfisáhrifum til undirbúnings raforkuvinnslu.

Burtséð frá framangreindu þá byggir framkvæmdaleyfi ekki eingöngu á matsskýrslu frá 2003, sbr. úrskurð Skipulagsstofnunar sama ár og úrskurði

umhverfisráðuneytisins frá 2004 með viðbótarskilyrðum, heldur einnig á endurskoðun frá árinu 2017. Aðdragandi þeirrar endurskoðunar var sá að Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Rangárþing ytra sendu erindi til Skipulagsstofnunar þar sem óskað var eftir ákvörðun stofnunarinnar um hvort endurskoða þyrfti að hluta eða í heild matsskýrslu Landsvirkjunar um Hvammsvirkjun skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, áður en framkvæmdaleyfi yrði veitt. Þann 16. desember 2015 birti Skipulagsstofnun ákvörðun sína um að endurskoða þyrfti mat á áhrifum á tvo umhverfisþætti en ekki væru forsendur til að krefjast endurskoðunar á matsskýrslu frá 2003 að öðru leyti. Skipulagsstofnun birti álit sitt 12. mars 2018 þar sem fram kom að matsskýrsla Landsvirkjunar og Landsnets uppfyllti skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt. Í greinargerð með framkvæmdaleyfi var svo tekin afstaða til þessa, líkt og þar er ítarlega fjallað um.

4. Lagaskil og samræmi milli framkvæmdaleyfis og matsskýrslu

Kærendur byggja á því kærði telji að lög nr. 111/2021 eigi við um hið kærða leyfi og fráleitt sé að uppfyllt séu ákvæði 27. gr. laganna um hvað skuli koma fram í ákvörðun.

Þessu er mótmælt sem röngu, sbr. jafnframt umfjöllun í greinargerð sveitarfélaganna með framkvæmdaleyfi, bls. 15. Líkt og rakið var í þeim úrskurði sem kærendur vísa til og varðar virkjunarleyfi Hvammsvirkjunar þá tóku lög nr. 111/2021 gildi 1. september 2021. Í 1. ákvæði til bráðabirgða við lögin segir að í þeim tilvikum þegar umhverfismatsferli framkvæmdar sem fellur undir þau lög sé lokið við gildistöku laganna skulu ákvæði eldri laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lúta að leyfisveitingum vegna framkvæmdarinnar gilda. Líta verður svo á að tilgangur greinds bráðabirgðaákvæðis hafi verið sá að tryggja að eldri ákvæði laga nr. 106/2000 myndu gilda vegna leyfisveitinga þeirra framkvæmda þar sem álit eða úrskurður Skipulagsstofnunar lá fyrir í gildistíð þeirra laga enda hefði að öðrum kosti ekki verið þörf á umræddri lagaskilareglu. Giltu því ákvæði laga nr. 106/2000 um leyfisveitingu vegna framkvæmdarinnar.

Kærendur byggja á því að óháð lagaskilareglum þá gildi 2. mgr. 14. gr. laga nr. 123/2010 og 10. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi um skyldu leyfisveitanda að kanna við veitingu framkvæmdaleyfis vegna matsskyldra framkvæmda hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Kærendur vísa til þess að meðal þess sem er ólíkt með framkvæmd þeirri sem veitt var framkvæmdaleyfi fyrir og þeirri sem umhverfismetin var, er að engir fráveituskurðir

áttu að vera úr Hagalóni í umhverfismatinu, heldur jarðgöng. Eigi ósamræmið við fjölda annarra mikilvægra þátta framkvæmdar.

Kærða sveitarfélagið mótmælir sjónarmiðum kæranda um ætlaða annmarka að þessu leyti. Sveitarfélagið vill sérstaklega áreitta að engin stefnubreyting átti sér stað hvað varðar fráveituskurði úr Hagalóni:

- Í matsskýrslu frá 2003 bls. i kemur fram að frárennsli virkjunarinnar falli fyrst um 1,3 km löng jarðgöng suður með Skarðsfjalli og síðan um 1,5 km langan opinn frárennslisskurð til Þjórsár við Ölmóðsey auk þess sem farvegur Þjórsár sunnan Ölmóðseyjar verður dýpkaður.
- Þetta er endurtekið í matsskýrslu frá 2017 þar sem fram kemur á bls. 3 að úr stöðvarhúsi vegna Hvammsvirkjunar, sunnan Hagalóns, fellur vatnið um jarðgöng, í frárennslisskurð og aftur út í farveg Þjórsár neðan við Ölmóðsey.
- Þessu til samræmis kemur fram í greinargerð sveitarfélaganna vegna framkvæmdaleyfis, dags. 14. júní 2023 bls. 5, að frárennslisgöng séu 1,2 km og frárennslisskurðir 2 km.

Kærða er því dulið til hvers er vísað í greinargerð kæranda um þetta. Kærða sveitarfélagið áskilur sér rétt til þess að mótmæla öðrum röksemdum um ætlað ósamræmi, teljist tilefni til að fjalla um slíkt í kærumáli þessu.

5. Þjórsárhraun

Í sjónarmiðum sínum benda kærundur á að Þjórsárhraun nýtur skv. 1. lið 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. sömu laga. Kveðið sé á um það í 3. mgr. 61. gr. að forðast beri að raska tilvísuðum vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til og að skylt sé að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna framkvæmda sem hafi í för með sér slíka röskun og leita skuli nánar tilgreindra umsagna við þá málsmeðferð. Kærundur telja að rökstuðning hvað þetta varðar sé áfátt auk þess sem ekki hafi verið leitað lögbundinnar umsagnar, né heldur við gerð deiliskipulags um Hvammsvirkjun.

Kærða mótmælir öllum fullyrðingum kæranda hvað þetta varðar.

Í greinargerð með framkvæmdaleyfi er tekið undir afstöðu Skipulagsstofnunar um að fyrirhugaðar framkvæmdir við Hvammsvirkjun hafi ekki veruleg áhrif á jarðmyndanir. Var því tekin skýr og rökstudd afstaða til eldhraunsins í Þjórsárhrauni.

Varðandi sjónarmið um að skort hafi á að leita lögbundinnar umsagnar þá bendir kærða sveitarfélagið á að við gerð deiliskipulags vegna Hvammsvirkjunar lá fyrir

umsögn Umhverfisnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Umhverfisstofnunar. Var því engin þörf á því að leita þeirra umsagna að nýju, sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Þar er fjallað um að liggi fyrir staðfesti aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, þar sem umsagnir greindra aðila liggja fyrir, þá sé ekki nauðsynlegt að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar sveitarfélaga við undirbúning framkvæmdaleyfis vegna breytinga á jarðmyndum.

Var því gætt að skilyrðum náttúruverndarlaga en Umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps fer með málefni og hlutverk náttúruverndarnefndar samkvæmt 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. erindisbréf nefndarinnar¹ og umsögn Umhverfisstofnunar lá sem fyrr segir fyrir, allt við gerð deiliskipulagsins. Með hliðsjón af því er því er mótmælt að nauðsynlegt hafi verið að leita frekari umsagnar við undirbúning framkvæmdaleyfisins.

6. Valdsvið byggingafulltrúa

Þá telja kærendur að kærða sveitarfélagið hafi farið inn á valdsvið byggingafulltrúa með því að heimila virkjun og tengd mannvirki sem lúta leyfum skv. lögum nr. 160/2010 um mannvirki en ekki skipulagslögum nr. 123/2010. Ekki hafi verið sótt um byggingarleyfi og því hafi kærði í raun farið inn á valdsvið annars. Kærendur vísa til úrskurður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála í máli nr. 12/2006 til stuðnings málsástæðunni.

Kærða sveitarfélagið mótmælir þessu. Óljóst sé hvort kærendur séu með þessu að vísa til þess að ekki hafi þurft framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdarinnar en það er vitanlega ekki staðan. Ítrekað er að stöðvarhús verður ekki innan kærða sveitarfélagsins heldur Rangárþings ytra og verður því sótt um byggingarleyfi til þess sveitarfélags. Kærða sveitarfélagið telur því með öllu óljóst hvernig kærða sveitarfélagið á að hafa farið inn á valdsvið byggingarfulltrúa. Séu einhverjar framkvæmdir innan sveitarfélagsins byggingarleyfisskyldar ber framkvæmdaaðila hins vegar að sækja um byggingarleyfi fyrir þeim.

¹ [erindisbref-loftslags-og-umhverfisnefndar-loka.pdf \(skeidgnup.is\)](#)

7. Rammasamkomulag

Kærendur byggja jafnframt á því að vegna rammasamkomulags sem var gert við Landsvirkjun hafi ákvörðunin ekki byggst á málefnalegum sjónarmiðum og réttmætisreglu stjórnarsýslulaga. Vísað er til þess að ákvæði rammasamkomulagsins muni vera sambærileg þeim sem ógilt voru með úrskurði samgönguráðuneytisins í máli nr. 25/2009. Þá vísa kærendur til ætlaðs fordæmis, dóms Héraðsdóms Reykjaness í máli nr. E-1121/2015.

Um þetta bendir kærða sveitarfélagið í fyrsta lagi til þess að eftir úrskurð ráðuneytisins og dóm héraðsdóms, fjallaði Hæstiréttur um ákvæði tilvísaðs rammasamkomulags milli Landsvirkjunar og Flóahrepps. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið ólöglegt að semja um þá greiðslu sem tekist var á um í málinu, með eftirfarandi rökum:

Í umræddu ákvæði er aðeins kveðið á um endurgreiðslu Landsvirkjunar á viðbótarkostnaði sveitarfélagsins vegna virkjunarinnar við gerð aðalskipulagsins og til þess er að líta að umræddur viðbótarkostnaður, samtals 6.552.662 krónur, hlýtur í þessu samhengi að teljast óverulegur. Þegar litið er til alls þessa er hafið yfir vafa að umrætt ákvæði hefur ekki haft áhrif á hvort gert yrði ráð fyrir virkjuninni í aðalskipulagi stefnda fyrir fyrrum Villingaholtshrepp. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Tilvísun til úrskurðar ráðuneytisins og héraðsdóms hefur því enga þýðingu.

Þá er í öðru lagi bent á að í samningi kærða sveitarfélagsins er eingöngu kveðið á um greiðslu sannanlegs kostnaðar við undirbúning virkjanaframkvæmda þ.m.t. um framkvæmdaleyfi sem heimilt er og var að rukka fyrir skv. 27. gr. þágildandi skipulags- og byggingarlaga. Kærða sveitarfélagið minnir á að á þeim tíma sem málið var til meðferðar voru samþykkt ný skipulagslög nr. 123/2010. Með þeim var gerð breyting frá eldri lögum og beinlínis veitt póstítf heimild til að innheimta slíkan kostnað sem samið hafði verið um milli Landsvirkjunar og kærða sveitarfélagsins, sbr. 2. mgr. 20. gr. laganna. Löggjafinn hefur því staðfest að hann telji slíkt fyrirkomulag, sem samið var um í rammasamningnum, ekki ógna réttaröryggi við meðferð skipulagsmála.

Verður því jafnframt að hafna þessum sjónarmiðum kæranda.

8. Ætlaður skortur á umfjöllun skipulagsnefndar

Til stuðnings kröfum sínum í málinu vísa kærendur að auki til þess að sveitarstjórn virðist aldrei hafa vísað málinu með bókun til skipulagsnefndar, sem í þessu tilviki

sé byggðasamlag. Kærendur telja aukinheldur lagastoð framsals til byggðasamlags ekki skýra.

Þetta sjónarmið er úr lausu lofti gripið. Byggðasamlagið annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa skv. lögum nr. 160/2010 um mannvirki og lögbundin verkefni skipulagsfulltrúa skv. skipulagslögum nr. 123/2010.² Vald til útgáfu framkvæmdaleyfis er ekki í höndum byggðasamlagsins heldur liggur það vald hjá sveitarstjórn.

Hins vegar atvikaðist það svo að samhliða því að Landsvirkjun sótti um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar þá sendi Landsvirkjun einnig beiðni um framkvæmdaleyfi til byggingar Hvammsvirkjunar til skipulagsnefndar, án þess að slíkt hafi verið nauðsynlegt. Umfjöllun um málið fór fram í skipulagsnefndinni 24. maí 2023 og í framhaldi af því tekin fyrir í sveitarstjórn til afgreiðslu enda hefur skipulagsnefndin ekki vald til að afgreiða málin, það vald liggur sem fyrr segir hjá sveitarstjórn.

Skipulagsnefnd UTU telur framkvæmdina í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð og álit Skipulagsstofnunar. Leggur nefndin til, við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, að samþykkja framlagða umsókn um framkvæmdaleyfi á grundvelli heimilda aðalskipulags, gildandi deiliskipulags, umhverfismats framkvæmdarinnar og með vísan til framlagðrar greinargerðar sem unnin er í sameiningu fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Rangárþing Ytra. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki greinargerðina sem umsögn sýna um umsóknina. Leyfið verði veitt með þeim skilyrðum sem fram koma í skipulagi, úrskurði og áliti Skipulagsstofnunar og annarra stofnanna og leyfisveitenda og gerð er nánar grein fyrir í framlagðri greinargerð, varðandi mótvægisáðgerðir, vöktun og frágang vegna framkvæmdarinnar. Jafnframt er gert ráð fyrir að skipuð verði eftirlitsnefnd í samráði við framkvæmdaaðila og aðra leyfisveitendur. Eftirlitsnefndin mun hafa eftirlit með því að öllum skilyrðum sem framkvæmdinni hafa verið sett sé framfylgt. Eftirlitsnefndin hefur, ásamt skipulagsfulltrúa, eftirlit með því að framkvæmdin sé í samræmi við leyfi og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum skv. 17. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin mun skila af sér skýrslu um framkvæmd eftirlitsins við lok hvers áfanga framkvæmdarinnar. Sé settum skilyrðum ekki framfylgt, ásigkomulag, frágangi, notkun eða umhverfi framkvæmdar eða eigin eftirlit framkvæmdaaðila ábótavant eða stafi af henni hætta skal eftirlitsnefndin tilkynna gera sveitarstjórnnum grein fyrir frávikum og tilkynna framkvæmdaaðila skriflega um frávik og kröfur til úrbóta.³

² stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9a667b6b-9065-4a49-8cb2-a8994aac5c70

³ [Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. | Skipulagsnefnd fundur nr. 261 -24. maí 2023 \(utu.is\)](#)

Þó það hafi enga þýðingu fyrir mál þetta þá er kveðið á um það í 94. gr. laga nr. 138/2011 um sveitarfélög að sveitarfélögum sé heimilt að stofna byggðasamlög sem taka að sér framkvæmd afmarkaðra verkefna þeirra. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi segir m.a. að byggðasamlag geti tekið að sér verkefni sem fela í sér vald til töku stjórnvaldsákvarðana en ljóst sé að hægt sé að stofna byggðasamlög um mun fjölbreyttari verkefni. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. var stofnuð á þessum grundvelli og hefur annast lögbundin verkefni byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa í aðildarfélögum byggðasamlagsins í samræmi við samþykktir þar um.

Með vísan til alls framangreinds ber að hafna kröfum og sjónarmiðum kærenda. Kærða sveitarfélag áréttar áskilnað sinn um að fá að koma á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum, verði fjallað um önnur atriði en fram koma í kæru og athugasemdum kærenda í málinu.

Engin gögn eru send með greinargerð þessari en telji nefndi þörf á viðbótargögnum verður góðfúslega orðið við slíkri beiðni.

Virðingarfyllst,
f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Unnur L. Hermannsdóttir lögmaður
f.h. Ívars Pálssonar lögmanns